




3. febrúar 2022

Efni: Frumvarp til laga um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu Suðurnesjalínu 2, þingskjal 11, mál 11.

HS Veitur leggja mikla áherslu á að Suðurnesjalína 2 verði lögð sem allra, allra fyrst. Afhendingaröryggi er mjög ábótavant og eins og staðan er í dag er nánast ekki unnt að bæta við neinni notkun á svæðinu og hafa HS Veitur þurft að hafna tengingu á nokkrum millistórum notendum. Orkuskiptin eru m.a. í uppnámi þar sem hraðhleðslustöðvar eru aflfrekar og sú afhendingargeta er ekki til staðar og almennt sagt er núverandi ástand með öllu óviðunandi og þarf að laga sem allra fyrst með öllum tiltækum ráðum.

Virðingarfyllst,

F.h HS Veitna hf


Júlíus J. Jónsson
Forstjóri.



HS Veitur hf
431208-0590
Brökkustíg 36
260 Reykjanesbær